

Skipulagsfulltrúi

Kjósarhreppur
Félagsgarði
270 Mosfellsbær



Reykjavík 11. febrúar 2016
UST201601-144/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Kjósarhrepps 2005 - 2017 – Möðruvellir.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Kjósarhrepps er barst 18. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Kjósarhrepps.


Tillagan felur í sér að svæði í landi Möðruvalla sem í gildandi aðalskipulagi er með landnotkunina frístundabyggð (F15c), landbúnaðarland og náttúruverndarsvæði (N2), verða athafnasvæði (A2) og (A3). Í lýsingu segir að áætluð athafnasvæði verði með starfsemi sem tengist tveim borholum með heitt vatn sem boraðar voru 2014. Fram kemur í lýsingu að 0,5 ha frístundabyggðar og 0,4 ha landbúnaðarsvæðis breyti um landnotkun. Ekki kemur fram hve stórt náttúruverndarsvæði er áætlað að breyta í athafnasvæði. Í lýsingu kemur fram að svæðin sem breyta um notkun eru annars vegar melur og raskað land og hins vegar ræktað land. Einnig kemur fram að gert er ráð fyrir lagnaleið hitaveitu á óbyggðu svæði meðfram Meðalfellsvegi.


Náttúruminjar

Áætluð lögn mun liggja nærri náttúruminjasvæði nr. 134 á náttúruminjaskrá, en þar segir . „*Laxárvogur og Laxá í Kjós, Kjósarhreppi, Þingvallahreppi, Kjósarsýslu, Árnassýslu. (1) Grunnsvævi, fjörur og strandlengja frá ósi Laxár út að línu milli Hálsness og Eyrar (Hvalfjarðareyrar). Vatnasvið Laxár og nánasta umhverfi frá ósi upp að vatnaskilum. Meðalfellsvatn, Stíflisdalsvatn og Mjóavatn. Káranesseg og Hurðarbaksseg. (2) Í Laxárvogi eru víðáttumiklar leirur með fjölbreyttu dýralífi og gróðri. Laxá er ein helsta laxveiðiá landsins. Í sefunum er fjölskrúðugt fuglalíf.*“

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að borpallar og vinnsla við nýtingu heita vatnsins komi ekki til með að skerða ofangreint svæði á náttúruminjaskrá.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur